



Fundargerð stjórnar Sunddeildar Umf. Selfoss þann 28. apríl 2008.

Mættir voru: Guðmundur Jóhannesson formaður, Guðbjörg Árnadóttir gjaldkeri, Sigrún Skúladóttir varaformaður og Bryndís Ólafsdóttir yfirþjálfari.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Rætt um vel heppnaðar ferðir í leikhús og í heimsókn á Stóra-Ármót. Mikil ánægja með þessar ferðir.

Sunddeild Selfoss fékk umhverfisverðlaun Árborgar síðastliðinn föstudag og tók séra Kristinn Friðfinnsson við þeim fyrir hönd Sunddeildarinnar. Rætt um að koma viðurkenningarskjalinu í skápinn í Sundhöllinni.

Rætt um að nálgast þurfi gömul sundmet sem Sunddeildin á. Guðmundur ætlar að athuga það.

Sendum tvo keppendur á AMÍ í sumar, þær Ólöfu Hoffrits og Árnýju Oddsdóttur. Þær fá sundkápur frá Sunddeildinni fyrir mótið. AMÍ hefur verið fært í Keflavík úr Hafnafirði.

Iðkendaþjöldi hefur haldist, nokkrir komið inn og nokkrir dottið út. Iðkendur eru 45 núna. Það er aukning frá síðustu árum.

Iðkendur sem eru yngri en 8 ára eru komnir í frí. Aðrir æfa út maí, nema þeir sem fara á AMÍ æfa fram að því móti.

Þarf að skoða hvort stefnt er á vorferð eins og farin var í fyrra.

Ákveðið að breyta innheimtu næsta haust og innheimta fyrirfram í haust og svo aftur að vori, þ.e. sep.-des. og jan.-maí.

Ráðningarsamningur þjálfara verður endurnýjaður og ætla báðir þjálfarar að halda áfram hjá deildinni. Nýr samningur verður gerður bráðlega.

Fyrirhuguð Vestmanneyjaferð var rædd. Ætlunin að fara seinnipart föstudags og koma til baka á mánudag. Bryndís athugar ferð með Herjólfu. Guðmundur sendir póst á foreldra vegna ferðarinnar. Farið verður með krakka fædda 1996 og fyrr. Þetta eru hámark 15 krakkar. Sunddeildin býður upp á kvöldverð eitt kvöldið annars þurfa krakkarnir að hafa með sér nesti og foreldrar í ferðinni að sjá um kvöldmat föstudags- og sunnudagskvöld.

Sundskólinn er farinn í frí.

Auglýst hefur verið eftir þjálfurum til að sjá um sumarnámskeið í júní.



Ekki verður boðið upp á sundskóla í haust en spurning hvort fáum einhverja til að sjá um námskeið því Bryndís verður í fríi.

Bryndís ætlar að aðlaga handbókina að Sunddeildinni, svo við getum farið að sækja um sem fyrirmyndafélag.

Kaupa á æfingagalla á Hrafnhildi þjálfara fyrir AMÍ og eins að gefa Árný og Ólöfu kost á að kaupa nýja galla fyrir AMÍ. Guðmundur ætlar að athuga þau mál.

Guðbjörg Oddsdóttir er hætt í stjórn vegna flutnings af svæðinu.

Þjónustusamningur við Árborg er í vinnslu en fyrirhugað er að framhald verði á götusópi sem Sunddeildin hefur haft, alla vega þetta árið.

Guðmundur sagði frá síðasta aðalstjórnarfundi.

Guðbjörg Árnadóttir þurfti að yfirgefa fundinn áður en honum lauk.

Fundargerð ritaði Sigrún Sunna Skúladóttir.